

Ed.

428. Nefndarálit

[117. mál]

um frv. til laga um tekjuskattviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur á fundi sínum í dag athugað frv. þetta. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt, þar sem það er aðeins framlenging laga, er áður hafa gilt og gilda til næstu áramóta. Telur meiri hl. ekki fært að skerða tekjur ríkissjóðs um þann tekjuauka, er frumvarpið hefur í för með sér, og álitur ekki nauðsyn á, eins og málið liggur fyrir, að koma fram með breytingartillögur við það, er tefja mundu fyrir afgreiðslu þess.

Einn nefndarmanna (GJ) mun skila sérstöku nefndaráliti. Annar nefndar-
maður (BrB) var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. des. 1951.

Bernh. Stefánsson,
form.

Þorst. Þorsteinsson,
frsm.

Karl Kristjánsson.